



Minnisblað

27.10.2021

Til: Vegagerðin
Ólafur Sveinn Haraldsson

Efni: **Sjálfbærnimat íslenskra vegaf framkvæmda - samantekt**

Vegakerfi landsins er stór hluti hins manngerða umhverfis á Íslandi og það er á ábyrgð Vegagerðarinnar að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Í þeim tilgangi þarf að skoða hvernig hægt er að hámarka líftíma mannvirkja um leið og neikvæðum umhverfisáhrifum er haldið í lágmarki og að framkvæmt sé með hag samfélagsins að leiðarljósi. Núverandi mat á framkvæmdum byggir á mati á umhverfisáhrifum þar sem takmarkað er litið til samfélagsáhrifa eða heildar ábata verka.

Til að tryggja sjálfbærni mannvirkjagerðarinnar þarf að huga að öllum þrem stöðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfi, efnahag og samfélagi. Til er fjöldi alþjóðlegra matskerfa sem hafa það að markmiði að auka sjálfbærni innviða en engin framkvæmd hérlandis hefur farið í gegnum samanburð við slíkt matskerfi eða vottun. Verkefnið sneri að því að skoða innviðamatskerfi BREEAM/ CEEQUAL. Gerð var tilviksrannsókn á breikkun Suðurlandsvegur þar sem hönnun og framkvæmd var borin saman við innviðamatskerfi BREEAM. Skoðuð voru fyrirbyggjandi gögn og áætluð bæði raun frammistaða verkefnisins og möguleg frammistaða miðað við litla fyrirhöfn eða breytingar á verklagi.

Við mat á raun frammistöðu verkefnis nær það aðeins 7% þeirra stiga sem eru í boði. Helsta ástæða þess að stig nást ekki er takmörkuð skrásetning upplýsinga. Í mörgum tilfellum hefur verið hugað að atriðum og þau jafnvel tekin til greina en ekkert hefur verið skráð eða gerð formleg greining á viðfangsefni, því fást ekki stig samkvæmt aðferðarfærði BREEAM. Þau stig sem að náðust snúa að mestu leyti að mati á umhverfisáhrifum og þeim upplýsingum sem nú þegar koma fram þar.

Þegar lagt er mat á hvaða stig hefðu getað fengið með lítilli fyrirhöfn er horft til þátta þar sem vantar upp á skrásetningu en atriði voru tekin til íhugunar auk greininga sem að einhverju leyti uppfylla kröfur BREEAM en ekki að öllu leyti. Þegar möguleg stig eru tekin með er gert ráð fyrir að verkefnið hefði getað fengið 38% með tiltölulega lítilli fyrirhöfn í lokaeinkunn, sú frammistaða skilar verkefninu „Pass“ einkunn samkvæmt matskerfinu. Lítið vantar þó upp á til þess að verkefni getið fengið hærri einkunn og auðsótt fyrir Vegagerðina að sækjast eftir góðri einkunn í sjálfbærnimati í framtíðinni, sé það ákveðið í upphafi verks.

Í kynningunni verður farið yfir sjálfbærni í mannvirkjagerð, CEEQUAL vottunarkerfið og niðurstöður tilviksrannsóknarinnar.

Virðingarfyllt,

Sandra Rán Ásgrímsdóttir,

Sjálfbærni verkfræðingur